



Bæjarstjórn Garðabæjar 15. (837)/2018

Boðað er til 15. (837). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 1. nóvember 2018 kl. 17:00 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Dagskrá:

1. 1810040F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/10 '18.
2. 1810048F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/10 '18.
1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018 - viðauki 8.

1809215 - Samningur við Urriðaholt ehf. um uppbyggingu byggðar í 1. áfanga austurhluta Urriðaholts.

1703262 - Tillaga um afturköllun framkvæmdaleyfis vegna lýsingar á íþróttavelli í Bæjargarði.
3. 1810029F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 16/10 '18.
4. 1810033F - Fundargerð leikskólanefndar frá 18/10 '18.
6. 1810037F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 19/10 '18.
5. 1801390 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29/10 '18.
7. 1805157 - Fundargerð stjórnar SHS frá 19/10 '18.
8. 1801175 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 21/9 og 8/10 '18.
9. 1801146 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12/10 '18.
10. 1801362 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 17/10 og 24/10 '18.
11. 1704086 - Fundargerð 15. eigendafundar Sorpu bs. frá 22/10 '18.
12. 1802055 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 12/10 '18.
13. 1802195 - Fundargerðir samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 18/9 og 9/10 '18.
14. 1809328 - Tillaga að breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar - síðari umræða.
15. 1810350 - Gjaldskrá heilbrigðiseftirlits.
16. 1810350 - Gjaldskrá hundahalds.
17. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022) - fyrri umræða.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
14. (836). fundur 2018

Fimmtudaginn 18. október 2018 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fengel, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 4. október 2018 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810013F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/10 '18.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi ályktun til samþykktar.

„Bæjarstjórn Garðabæjar gagnrýnir harðlega þær tillögur að samgönguáætlun sem nú eru til umræðu á Alþingi, bæði tillögu um fimm ára samgönguáætlun 2019-2023 og tillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.

Það er óásættanlegt að ekki sé gert ráð fyrir meira fjármagni til nýframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu til að leysa og létta á umferðarþunga á þessu svæði.

Samkvæmt ástandsgreiningu starfshóps SSH og ríkisins frá árinu 2017 fær fjöldi umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu einkunnina F sem þýðir að umferð gangi mjög erfiðlega fyrir sig.

Bæjarstjórn Garðabæjar mótmælir því að í tillögu að samgönguáætlun 2019-2023 sem nú liggur fyrir sé ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni til framkvæmda við gatnamót Hafnarfjarðarveggar og Vífilsstaðavegar né gatnamót Hafnarfjarðarveggar og Lyngáss en bæði gatnamótin fá þjónustustig F í ástandsgreiningunni auk þess sem umferðaröryggi þar er verulega ábótavant.

Í tillögu að samgönguáætlun 2019-2033 er stokkur undir Hafnarfjarðarveg í Garðabæ tímasettur á tímabilinu 2029-2033 og þá einungis með helmingi þess framlags sem áætlað er að framkvæmdin kosti. Bæjarstjórn Garðabæjar mótmælir því að svo brýn framkvæmd sé látin sitja á hakanum og leggur mikla áherslu á að framkvæmdin sé færð framár í samgönguáætlun.

Tveir þriðju hluti landsmanna búa á höfuðborgarsvæðinu og á hverju ári koma rúmlega tvær milljónir ferðamanna til landsins sem flestir fara í gegnum Hafnarfjörð, Garðabæ og Kópavog á leið sinni til og frá landi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hvetur ráðherra og þingmenn til þess að forgangsraða fjármagni í samgönguáætlun þar sem hún nýtist flestum og þörfin er brýn. Óbreytt ástand er ólíðandi.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framlagða tillögu og lýsti yfir stuðningi við hana. Þá ræddi Sara Dögg, 5. tl., bréf Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum foreldrum.

Ingvar Arnarson, ræddi 9. tl. bréf Bjargs íbúðafélags varðandi samstarf um uppbyggingu almennra íbúða og 17. tl., heimsóknir í stofnanir. Þá ræddi Ingvar 5. tl., og minnti á tillögu sína um skráningu lögheimilis.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 16. tl. starfsáætlanir sviða.

Gunnar Einarsson, ræddi framlagða ályktun og fjallaði um viljayfirlýsingu varðandi samstarf SSH og ríkisins um úrbætur í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Gunnar ræddi 9. tl., bréf Bjargs íbúðafélags varðandi samstarf um uppbyggingu almennra íbúða og 16. tl., starfsáætlanir sviða.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 5. tl. bréf Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum foreldrum og 16. tl., starfsáætlanir sviða.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 16. tl., starfsáætlanir sviða.

Gunnar Einarsson, ræddi 9. tl., bréf Bjargs íbúðafélags varðandi samstarf um uppbyggingu almennra íbúða.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 16. tl., starfsáætlanir sviða.

Ályktun varðandi forgangsöröðun til brýnna framkvæmda í samgönguáætlun samþykkt samhljóða.

Fundargerðin, sem er 17 tl., er samþykkt samhljóða.

2. 1810031F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/10 '18.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 17. tl., bréf Hjalla varðandi tilfærslu á starfsdögum leikskóla.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 17. tl., bréf Hjalla varðandi tilfærslu á starfsdögum leikskóla.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 2. tl., 3. tl., og 4. tl., afgreiðslur skipulagsnefndar varðandi umsóknir um breytingar á deiliskipulagi Garðahverfis.

Almar Guðmundsson, ræddi 7. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs vegna lýsingar íþróttavallar, 12. tl., bréf UMF Stjörnunnar varðandi umhverfi Stjörnutorgs og 13. tl., bréf Stjörnunnar varðandi vökvunarkerfi fyrir Stjörnuvöll.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar vegna staðsetningar fjölnota íþróttahúss. Tillagan skal auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis sem gerir ráð fyrir breytingu á skilmálum bygginga við Breiðholt.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis sem gerir ráð fyrir stækkun á deiliskipulagssvæði við Grænagarð.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis sem gerir ráð fyrir byggingarreitum fyrir smáhýsi við Nýjabæ.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga viðskiptastrætis Urriðahólts vegna breytinga á lóðamörkum lóðanna við Urriðahóltsstræti 6-8 og 10-12, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir með tíu atkvæðum tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs vegna uppsetningar á lýsingu fyrir íþróttavöll samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst og bærust athugasemdir og liggja fyrir svör við athugasemdum. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Ingvar Arnarson situr hjá við afgreiðslu málsins.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að ekki sé tilefni til athugasemda um hvort framkvæmd við uppbyggingu á skíðasvæðum í Bláfjöllum skuli háð umhverfismati en leggur áherslu á að gætt sé að hagsmunum vatnsverndar á svæðinu.

Fundargerðin sem er 19 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 1810019F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/10 '18.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna bygginga á lóðum og almennt um skipulagsmál.

Gunnar Einarsson, ræddi 6. tl., umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna bygginga á lóðum og almennt um skipulagsmál.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 6. tl., umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna bygginga á lóðum og almennt um skipulagsmál.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 6. tl., umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna bygginga á lóðum og almennt um skipulagsmál.

Sigurður Guðmundsson ræddi 6. tl., umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna bygginga á lóðum og almennt um skipulagsmál.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 6. tl., umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna bygginga á lóðum og almennt um skipulagsmál.

Almar Guðmundsson, ræddi 6. tl., umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna bygginga á lóðum og almennt um skipulagsmál.

Sigurður Guðmundsson, ræddi að nýju 6. tl., umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna bygginga á lóðum og almennt um skipulagsmál.

Gunnar Einarsson, ræddi að nýju 6. tl., umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna bygginga á lóðum og almennt um skipulagsmál.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 6. tl., umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna bygginga á lóðum og almennt um skipulagsmál.

Fundargerðin lögð fram.

4. 1810005F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 10/10 '18.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 4. tl., þróunarsjóð grunnskóla og 5. tl., menntadag leik- og grunnskóla.

Jóna Sæmundsdóttir, kvaddi sér hljóðs og sagði frá hrósi um metnaðarfullt skólastarf í Garðabæ, sem fram kom á fyrirlestri um leiðarljós KVAN (Kærleik, Vináttu, Alúð og Nám).

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., þróunarsjóð grunnskóla.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi um leiðarljós KVAN og almennt um jákvæð gildi þess fyrir skólastarf í Garðabæ.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi um leiðarljós KVAN. Þá ræddi Sigríður Hulda, 4. tl., þróunarsjóð grunnskóla.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., forvarnarviku í Garðabæ og 4. tl., þróunarsjóð grunnskóla.

Fundargerðin lögð fram.

5. 181003F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 5/10 '18.

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., veiðikortið 2019 og 6. tl., fyrirspurn um stöðu fráveitumála á Álftanesi.

Gunnar Einarsson, ræddi 4. tl., veiðikortið 2019 og 6. tl., fyrirspurn um stöðu fráveitumála á Álftanesi.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 6. tl., fyrirspurn um fráveitumál á Álftanesi og 4. tl., veiðikortið 2019.

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., veiðikortið 2019 og fjallaði sérstaklega um hornsílin í Vífilsstaðavatni sem eru heimsfræg vegna skorts á kviðgadda.

Fundargerðin lögð fram.

6. 1810034F - Fundargerð ungmennaráðs frá 25/9 '18.

Björg Fenger, ræddi málefni ungmennaráðs og hvatti bæjarstjórn til að styðja og virkja starfsemi ungmennaráðs í þágu hagsmuna ungs fólks í samfélaginu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi málefni ungmennaráðs og hvatti til þess að ráðið verði boðað á fund bæjarstjórnar.

Fundargerðin lögð fram.

7. 1801362 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 3/10 '18.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., samning við SOS (Sorpstöð Suðurlands) um móttöku úrgangs á Suðurlandi og 3. tl., rekstraráætlun 2019-2023.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi málefni Sorpu og almennt um flokkun sorps.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi málefni Sorpu og almennt um flokkun sorps.

Fundargerðin lögð fram.

8. 1704086 - Fundargerð 14. eigendafundar Sorpu bs. frá 1/10 '18.

Fundargerðin lögð fram.

9. 1704087 - Fundargerð 17. eigendafundar Strætó bs. frá 1/10 '18.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og 2. tl., skýrslu um eflingu almenningsamgangna.

Fundargerðin lögð fram.

10. 1807057 - Útboð heilsuræktaraðstöðu í Ásgarði.

Almar Guðmundsson, gerði grein fyrir niðurstöðu dómnefndar að meta tilboð Sporthallarinnar ógilt og mæla með að leitað verði samninga við Laugar um uppbyggingu aðstöðu fyrir heilsurækt við íþróttamiðstöðina Ásgarð. Almar vísaði til minnisblaðs Andra Árnasonar, lögmanns þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að tilboð Sporthallarinnar feli í sér breytingu frá fyrra stigi í tilboðsferli sem sé veruleg og raski stöðu bjóðenda sem geti ekki annað en leitt til þess að tilboðið teljist í raun ógilt.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Sigurður Guðmundsson, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Gunnar Einarson, tók til máls og þakkaði dómnefndinni fyrir vönduð og fagleg vinnubrögð við afgreiðslu málsins.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls og tók undir orð um vönduð og fagleg vinnubrögð dómnefndar við afgreiðslu málsins.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu dómnefndar um að leitað verði samninga við Laugar og felur bæjarstjóra að hefja viðræður við félagið um uppbyggingu á aðstöðu fyrir heilsurækt við íþróttamiðstöðina Ásgarð.

11. 1810210 - Tillaga Garðabæjarlistans um eflingu Garðatorgs og vaxtarmöguleika fyrir Hönnunarsafn Íslands.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu til eflingar Hönnunarsafns Íslands og styrkingu þjónustu og menningar á Garðatorgi.

Garðabæjarlistinn leggur til að Garðabær hefji viðræður við eigendur fasteignar að Garðatorgi 1, sem hýsir Hönnunarsafn Íslands og áður matvöruverslunina Víði, með það að leiðarljósi að aukið rými skapist fyrir starfsemi Hönnunarsafn Íslands og um leið atvinnutækifæri fyrir rekstur kaffihúss á Garðatorgi.“

Greinargerð:

Með því að nýta jarðhæð á fasteigninni sem snýr út að bílastæðum betur, mætti breyta húsnæðinu og skapa tækifæri fyrir kaffihús með mögulegu samstarfi eða tengingu við Hönnunarsafnið. Með nágrenni við hvort annað gætu skapast möguleikar í samstarfi og samlegð sem báðum aðilum væri verðmætt.

Á Garðatorgi er nú þegar fjölbreytt þjónusta og núverandi þjónustuaðilar myndu hagnast af því að þar myndi kaffihús ná að festa rætur. Við sjáum fyrir okkur að með samstarfi við húseigendur að Garðatorgi 1 og í góðu samstarfi við Hönnunarsafn Íslands gæti Garðatorg eflst enn frekar sem þjónustu- og menningarkjarni.

Garðabæjarlistinn telur að Hönnunarsafn Íslands geti leikið lykilhlutverk ásamt kaffihúsi í að efla núverandi verslun og þjónustu á Garðatorgi.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi framlagða tillögu og almennt um starfsemina á Garðatorgi. Sigríður Hulda lagði til að tillögunni verði vísað til bæjarráðs.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi framlagða tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls að nýju.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls að nýju.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Sigurður Guðmundsson, ræddi framlagða tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Gunnar Einarsson, ræddi framlagða tillögu.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi framlagða tillögu. Gunnar vakti sérstaklega athygli á að í desember nk. eru liðin 20 ár frá því að skrifað var undir samning um starfsemi Hönnunarsafns Íslands í Garðabæ.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framlagðri tillögu til bæjarráðs.

Sigurður Guðmundsson vék af fundi kl 19:04.

12. 1810209 - Tillaga Garðabæjarlistans um bætt umferðaröryggi við Flataskóla.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu

„Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn feli tækni- og umhverfissviði að bæta umferðaröryggi við Flataskóla með skýrari merkingum og skiltum þar sem við á. Samhliða þessum úrbótum leggur Garðabæjarlistinn til að farið verði í markvissar aðgerðir til að ýta undir gangandi umferð til og frá skóla með t.d. að tryggja öryggi barna og ungmenna þegar farið er yfir þungar umferðagötur með til dæmis gangbrautarvörslu og styðja þannig um leið við samning um heilsueflandi samfélag í sínum víðasta skilningi.“

Greinargerð:

Umferðaröngþveiti við Flataskóla hefur verið umkvörtunarefni foreldra sem og starfsfólks skólans að undanfögnu. Vandinn lýsir sér í því að fólk virðir ekki umferðarreglur inni á bílplaninu né við umferðarljós.

Bílum er ítrekað lagt við hringtorgið sem og á víð og dreif á bílplani við skólann til þess að koma börnum í skólann. Mikil hætta skapast vegna þessa á hverjum morgni þar sem umferðaröryggi er ekki tryggt eins og kostur er.

Samhliða þessu mætti fylgja fordæmi við Álftaneskóla og vera með gangbrautarstarfsfólk sem aðstoðar börn sem koma gangandi eða hjólandi til skóla og eykur töluvert öryggi um leið. Eins má benda á að sumir skólar hafa tekið upp á því að vera með starfsmenn á morgnana við skólann til að auka öryggi barna á leið í skólann.

Gunnar Einarsson, ræddi framlagða tillögu og lagði til að henni verði vísað til bæjarráðs.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Ingvar Arnarson, ræddi framlagða tillögu.

Almar Guðmundsson, ræddi framlagða tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framlagðri tillögu til bæjarráðs.

13. 1810221 - Tillaga Garðabæjarlistans um skýra verkferla varðandi styrkveitingar.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að Garðabær setji fram skýra verkferla varðandi styrkveitingar úr bæjarsjóði, verkferla sem nefndir á vegum Garðabæjar geta fylgt þegar kemur að styrkveitingum sem ekki teljast til lögbundinna hlutverka sveitarfélaga. Einnig er lagt til að allar styrkveitingar séu aðgengilegar í opnu bókhaldi bæjarins.“

Greinagerð:

Með því að setja skýra verkferla á styrkveitingum og að útbúa gagnagrunn til að halda utan um allar styrkveitingar sem bæjarfélagið veitir verður auðveldara fyrir bæjarfulltrúa og nefndarmenn að fylgjast með og sjá hvað Garðabær er að styrkja. Einnig er mikilvægt að íbúar Garðabæjar hafi aðgang að þessum upplýsingum. Með aukni gagnsæi kemur einnig aukið aðhald.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi framlagða tillögu.

Ingvar Arnarson, tók til máls að nýju.

Gunnar Einarsson, ræddi framlagða tillögu og fór almennt yfir meðferð á styrkbeiðnum og veitingu styrkja. Gunnar lagði til að tillögunni verði vísað til bæjarráðs.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framlagðri tillögu til bæjarráðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 18. október 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
38. fundur (1853) 2018

Þriðjudaginn 23. október 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, varamaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808388 - Ásbúð 61 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Eddu J. Einarsdóttur, kt. 051258-3989 leyfi til að byggja sólskála við núverandi hús að Ásbúð 61.

2. 1810186 - Bréf Aflsins samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi um rekstrarstyrk, dags. 04.10.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

3. 1810230 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um dag nýrra kjósenda, 27. mál., dags. 15.10.18.

Lagt fram.

4. 1807130 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Bólstað.

Með bréfi, dags. 25. júlí sl. var íbúum við Marargrund 12, 14, 16, og 18, auk íbúa húsanna Hellu og Markar gefinn kostur á að tjá sig um umsóknina.

Íbúar húsanna við Marargrund 14 og 18 sendu athugasemdir þar sem fram koma mótmæli við starfsemi gististaðar í íbúðahverfi.

Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins.

5. 1806306 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi framkvæmdir innan fólkvangsins Hliðs, dags. 15.10.18.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir að fyrirhugaður er fundur með fulltrúum Umhverfisstofnunar 2. nóvember nk. til að ræða úrlausn málsins.

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar og umhverfisnefndar.

6. 1809156 - Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins varðandi lok á eftirfylgni með úttekt á Barnaskóla Hjallastefnunnar, dags. 12.10.18.

Lagt fram.

7. 1806013 - Bréf Reykjavíkurborgar varðandi aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sundahöfn, dags. 15.10.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

8. 1810244 - Bréf Reykjavíkur varðandi aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Miðsvæði M2c-M2g, Múlar- Suðurlandsbraut, dags. 16.10.18.
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

9. 1810255 - Bréf Garðasóknar varðandi viðhaldsframkvæmdir í Kirkjuhvoli og framkvæmdir í kirkjugarði, dags. 18.10.18.
Bæjarráð vísar bréfinu til nánar skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

10. 1810210 - Tillaga Garðabæjarlistans um eflingu Garðatorgs og vaxtarmöguleika fyrir Hönnunarsafns Íslands.
Tillagan var lögð fram á fundi bæjarstjórnar 18. október sl. og vísað til bæjarráðs.

Bæjarstjóri upplýsti að forsvarsmenn Regins ehf. eiganda húsnæðis að Garðatorgi 1 hafa verið boðaðir á fund bæjarráðs þriðjudaginn 30. október nk.

11. 1810209 - Tillaga Garðabæjarlistans um bætt umferðaröryggi við Flataskóla.
Tillagan var lögð fram á fundi bæjarstjórnar 18. október sl. og vísað til bæjarráðs.

Bæjarverkfræðingur gerði grein fyrir helstu niðurstöðum í skýrslu er unnin var af Eflu um umferðaröryggi skólabarna í Garðabæ. Fram kom að unnið er samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar um aðgerðir til úrbóta.

Bæjarráð felur bæjarverkfræðingi að vinna áfram að aðgerðum til úrbóta til að tryggja umferðaröryggi skólabarna.

12. 1810221 - Tillaga Garðabæjarlistans um skýra verkferla varðandi styrkveitingar.
Tillagan var lögð fram á fundi bæjarstjórnar 18. október sl. og vísað til bæjarráðs.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir helstu reglum er gilda um afgreiðslu styrkja hjá menningar- og safnanefnd, íþrótt- og tómstundaráði og bæjarráði.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að taka saman tillögu að leiðbeiningum vegna úthlutunar styrkja.

13. 1806461 - Fráveita Garðabæjar - áætlun um framkvæmdir.

Bæjarverkfræðingur gerði grein fyrir stöðu fráveitumála innan bæjarmarkanna. Bæjarverkfræðingur kynnti sérstaklega áætlun VSÓ frá árinu 2012 um úrbætur í fráveitumálum á Álftanesi.

14. 1806461 - Heimsóknir í stofnanir

Farið var í heimsóknir í eftirfarandi stofnanir:

Bæjarból, Álftanesskóli, Íþróttamiðstöðin á Álftanesi, Holtakot og Krakkakot.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 23. október 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
39. (1854). fundur 2018

Þriðjudaginn 30. október 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bærarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bærarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810340 - Garðatorg - miðbær, viðræður við forsvarsmenn Regins.

Á fund bæjarráðs mættu Helgi Gunnarsson og Páll Bjarnason starfsmenn Regins sem er eigandi atvinnuhúsnæðis við Garðatorg. Kynntu þeir hugmyndir að endurskipulagningu torgsins í samráði við bæjaryfirvöld og aðra hagsmunaaðila á torginu.

2. 1806461 - Frumvarp að fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022).

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri mætti á fund bæjarráðs og gerði grein fyrir tillögu að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2019 og árin 2020 - 2022, ásamt forsendum og framkvæmdayfirliti.

Niðurstöður rekstrarreiknings fyrir A og B hluta samkvæmt tillögu að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2019 eru:

| | |
|-----------------------------|-----------------|
| Heildartekjur | 15.782.121 þkr. |
| Heildargjöld | 14.381.135 þkr. |
| Niðurstaða án fjármagnsliða | 1.400.986 þkr. |
| Fjármunatekjur (gjöld) | (816.868) þkr. |
| Rekstrarniðurstaða | 584.118 þkr. |

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögu að fjárhagsáætlun Garðabæjar 2019 (2019-2022) til fyrri umræðu í bærarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

3. 1707051 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2018 - viðauki 8.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir viðauka nr. 8 við fjárhagsáætlun 2018 en um er að ræða breytingar á launaliðum gunnskóla og leikskóla ásamt breytingu á sumarvinnu ungmenna og breytingu á stöðugildi á bókasafni.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærarstjórn að samþykkja viðauka 8 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2018, samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

| | |
|----------------|------------|
| Flataskóli | 23.300.000 |
| Garðaskóli | 31.000.000 |
| Hofsstaðaskóli | 34.600.000 |
| Sjáländsskóli | 31.000.000 |
| Álftanesskóli | 26.500.000 |

| | |
|-----------------------------|-------------|
| Bæjarból | 2.000.000 |
| Hæðaból | 2.000.000 |
| Kirkjuból | 3.000.000 |
| Lundaból | 5.000.000 |
| Sunnuhvoll | 5.500.000 |
| Flataskóla - leikskóladeild | 300.000 |
| Akrar | 6.200.000 |
| Krakkakot | 6.100.000 |
| Holtakot | 5.000.000 |
| Sumarvinna ungmenna | 34.000.000 |
| Bókasafn stöðugildi | 2.000.000 |
| Samtals | 217.500.000 |
| Varasjóður - lækkun | 217.500.000 |

4. 1809215 - Samningur við Urriðaholt ehf. um uppbyggingu byggðar í 1. áfanga austurhluta Urriðaholts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærastjórn að samþykkja samning við Urriðaholt ehf. um uppbyggingu samkvæmt deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts.

5. 1810172 - Afgreiðsla leikskólanefndar um erindi Hjallastefnunnar varðandi tilfærslu á starfsdögum leikskóla.

Bæjarráð tekur undir sjónarmið leikskólanefndar um að mikilvægt er að fylgja leiðararljósi í skólastefnu Garðabæjar þar sem lögð er áhersla á sameiginlega starfsdaga í leik- og grunnskólum til að veita foreldrum og börnum sem bestu þjónustu.

Bæjarráð samþykkir að hafna erindi Hjallastefnunnar um tilfærslu á starfsdögum sem samræmast ekki skóladagatali leik- og grunnskóla Garðabæjar.

6. 1809269 - Bréf UMF Stjörnunnar um leyfi til að nota nafn á körfuboltasalinn í Ásgarði, dags. 19.10.18.

Bæjarráð samþykkir beiðni UMF Stjörnunnar um að körfuboltaleikvangur félagsins fái að bera nafnið: Mathús Garðabæjar höllin

7. 1810320 - Bréf UMF Stjörnunnar varðandi ástand þaks fimleikahúss, dags. 24.10.18.

Bæjarverkfræðingur gerði grein fyrir ástandi á þaki fimleikahússins og sagði frá viðgerðum sem nú þegar hafa farið fram á þakinu til að koma í veg fyrir leka. Fram kom að verið er að vinna að ástandsskoðun þaksins og verður greinargerð um hana lögð fram við afgreiðslu á fjárhagsáætlun.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

8. 1810321 - Bréf UMF Stjörnunnar varðandi endurnýjun áhalda í fimleikasal, dags. 24.10.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

9. 1810287 - Bréf Snorrasjóðs varðandi stuðning við Snorraverkefnið 2019, dags. 18.10.18.

Bæjarráð telur eigi unnt að verða við erindinu.

10. 1810349 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi á tónleikum á Garðatorgi.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

11. 1807130 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Bólstað.

Með bréfi, dags. 25. júlí sl. var íbúum við Marargrund 12, 14, 16, og 18, auk íbúa húsanna Hellu og Markar gefinn kostur á að tjá sig um umsóknina.

Íbúar húsanna við Marargrund 14 og 18 sendu athugasemdir þar sem fram koma mótmæli við starfsemi gististaðar í íbúðahverfi.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við að umbeðið leyfi verði veitt en mælir með að leyfið verði veitt til reynslu tímabundið í tvö ár.

12. 1810338 - Bréf Alþings varðandi frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna (ákvörðun matsverðs), 212. mál., dags. 25.10.18.

Lagt fram.

13. 1810346 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna afnáms um uppreist æru, 222. mál., dags. 25.10.18.

Lagt fram.

14. 1703262 - Tillaga um afturköllun framkvæmdaleyfis vegna lýsingar á íþróttavelli í Bæjargarði.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afturköllun á framkvæmdaleyfi fyrir uppsetningu ljósamastra við íþróttavöll í Bæjargarði sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 19. október 2017. Á fundi bæjarstjórnar 18. október sl. var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs þar sem gerð er nákvæmari grein fyrir uppsetningu mastranna og verður á grundvelli hennar sótt um byggingarleyfi fyrir uppsetningu þeirra.

15. 1810286 - Bréf EBÍ varðandi ágóðahlutagreiðslu 2018, dags. 18.10.18.

Lagt fram bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands þar sem fram kemur að ágóðahluti Garðabæjar árið 2018 er að fjárhæð kr. 1.810.000.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 30. október 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar

3. fundur 2018

Þriðjudaginn 16. október 2018 kl. 17:00 kom íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í íþróttamiðstöðinni Ásgarði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson varamaður, Kári Jónsson íþróttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810123 - Heilsuefning 65 í Garðabæ

Dr. Janus Guðlaugsson kynnti árangursríkar áherslur í heilsuefningu 65 ára og eldri í sveitarfélögum.

Til áheyrnar voru Ingibjörg Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu Berglind R. Pétursdóttir, umsjónarmaður félags- og íþróttastarfs Guðbjörg Björnsdóttir, iðjuþjálfari/deildarstjóri í dagþjálfun.

2. 1810191 - Rafíþróttaklúbbur

Arnar Hólm Einarsson starfsmaður í Garðalundi kynnti verkefnið rafíþróttafélag, sem nú er í gangi í Garðalundi. Verkefnið er unnið þannig að fagaðilar koma að hópastarfinu og sjá til þess að rafíþróttaliðið setji sér markmið og sé uppbyggilegt félagslega fyrir þá leikmenn sem skrá sig til leiks.

ÍTG fagnar því að verið sé að auka fjölbreytni í hópastarfi og búa til faglega umgjörð um rafíþróttir í Garðabæ.

3. 1809281 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

4. 1810017 - Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum, 25. mál.

Lagt fram til umfjöllunar.

Ljóst er að tvöfalt lögheimili barna er ekki í samræmi við núgildandi lög sveitarfélaga. Vinna þarf að því að finna leiðir í úthlutun t.d. varðandi hvatapeninga til að koma til móts við þetta málefni, þó sé alltaf haft að leiðarljósi að tryggja hagsmuni barnsins sem best. Fram kom að málið hefur nýverið verið rætt í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem m.a. var ákveðið að taka málið upp við dómsmálaráðherra og óska eftir álitni nýs umboðsmanns barna vegna málsins.

5. 1809268 - Birgir Steinn Jónsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr

6. 1809267 - Birgir Steinn Jónsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs

Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr

7. **1809242 - Rósa Elísabet Markúsdóttir-Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr

8. **1810183 - Helena Clausen Heiðmundsdóttir-Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr

9. **1810184 - Hildur Clausen Heiðmundsdóttir-Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar

2. fundur 2018

Fimmtudaginn 18. október 2018 kl. 17:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í leikskólanum Sunnuhvoli.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, Andrea Róbertsdóttir varamaður, Fanney Hanna Valgarðsdóttir varamaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Katrín Friðriksdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Ragnhildur Skúladóttir fulltrúi leikskólastjóra, Lára Dan Daníelsdóttir fulltrúi dagforeldra, Eydís Sigurðardóttir fulltrúi foreldra og Anna María Sigurjónsdóttir varafultrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

Í upphafi fundar óskaði nefndarformaður eftir að bæta við dagskrárlíð nr. 4 um tilfærslur á starfsdögum hjá leikskólum Hjalla.

1. 1806164 - Ársskýrslur leikskóla 2017 - 2018

Ársskýrslur leikskóla lagðar fram.

2. 1809281 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Lagt fram til umfjöllunar.

3. 1809086 - Flutningur á starfsdegi - endurupptaka

Samþykktur flutningur á starfsdögum hjá leikskólanum Bæjarbóli.

4. 1810172 - Tilfærsla á starfsdögum leikskóla sem reknir eru af Hjallastefnunni

Á fundi leikskólanefndar 18. október var fjallað um erindi Hjallastefnunnar um tilfærslu á starfsdögum, málinu var vísað til umfjöllunar leikskólanefndar frá bæjarráði. Leikskólanefnd bendir á að í skólafestni Garðabæjar er lögð áhersla á sameiginlega starfsdaga í leik- og grunnskólum til að þjónusta foreldra og börn sem best. Til að tryggja áfram þessa þjónustu leggur nefndin til að skóladaatal leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu verði samræmt.

5. 1810017 - Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum, 25. mál.

Lagt fram til umfjöllunar. Málið var rætt og ýmis sjónarmið komu fram. Leikskólanefnd leggur áherslu á að hagsmunir barna skulu ávallt hafðir að leiðarsljósi og þeim tryggð samfella í daglegu lífi, festa og öryggi. Í ljósi þess skuli leitast við að barn dvelji í einum leikskóla.

6. 1808387 - Leikskóli innleiðingar nýrra laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Verkefnastjóri skóladeildar upplýsti nefndarmenn um framvindu innleiðingar nýrra persónuverndarlaga í leikskólum.

7. 1808123 - Tillaga um hinsegin fræðslu - heilsueflandi samfélag

Lagt fram til umfjöllunar. Leikskólanefnd hvetur til þess að sérstök fræðsla um hinsegin fræði verði í boði fyrir leikskólakennara og starfsfólk leikskóla.

8. 1808432 - Umsókn um leyfi til daggæslu barna í heimahúsi

Þóru Eiríksdóttir er veitt leyfi til daggæslu í 1 ár.

9. 1808339 - Endurnýjun á leyfi til daggæslu

Samþykkt er endurnýjun á leyfi til daggæslu fyrir Láru Dan Danielsdóttir

10. 1808340 - Endurnýjun leyfi til daggæslu

Samþykkt er endurnýjun á leyfi til daggæslu fyrir Stellu Ósk Sigurðardóttir.

11. 1808402 - Endurnýjun á leyfi til daggæslu

Samþykkt er endurnýjun á leyfi til daggæslu Þórey Danielsdóttir.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

4. fundur 2018

Föstudaginn 19. október 2018 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022)

Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri Garðabæjar mætti á fund nefndarinnar og fór yfir ferli við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019. Farið var yfir þróun fjárframlaga til menningarmála síðustu ár. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun er fyrirhuguð í bærarstjórn Garðabæjar 1. nóvember nk.

2. 1808275 - Persónuverndarmál

Telma Halldórsdóttir persónuverndarfulltrúi Garðabæjar mætti á fund nefndarinnar og fór yfir helstu þætti sem þarf að hafa í huga við innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum sem tóku gildi í sumar. Stefnt er að því að almennir nefndarmenn fái vinnunetföng hjá Garðabæ.

Umræður voru um málið og með hvaða hætti ný persónuverndarlög tengjast starfi menningar- og safnanefndar og nefndarmanna.

3. 1809281 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Bæjarráð Garðabæjar vísar yfirliti frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um lögmælt verkefni til kynningar í fastanefndum bærarstjórnar.

Lagt fram til kynningar.

4. 1809235 - Tónlistarveisla í skammdeginu 2018

Tónlistarveisla í skammdeginu verður haldin fimmtudagskvöldið 8. nóvember nk. Að þessu sinni verður það hljómsveitin Valdimar sem stígur á svið á Garðatorgi í göngugötunni innandyra. Myndlistarfélagið Gróska tekur þátt eins og fyrri ár og einnig verða fyrirtæki á torginu upplýst um viðburðinn og hvött til að taka þátt, t.d. með lengri afgreiðslutíma. Farið var yfir áætlaðan kostnað og greint frá hvernig kynningu á viðburðinum hefur verið háttáð undanfarin ár.

5. 1808275 - Verkefni menningar- og safnanefndar 2018-2019

Greint var frá hugmynd að tónleikum með Maríu Magnúsdóttur núverandi bærarlistamanni Garðabæjar fimmtudaginn 1. nóvember nk. í Vídalínskirkju. Menningar- og safnanefnd samþykkir að taka þátt í verkefninu og felur upplýsingastjóra að vinna málið áfram.

Haustvaka Kvennakórs Garðabæjar verður haldin fimmtudagskvöldið 25. október nk. í Kirkjuholi, safnaðarheimili Vídalínskirkju. Haustvaka Kvennakórsins er dagskrá í tali og tónum þar sem fram koma gestir auk kvennakórsins.

Drög að dagskrá Þriðjudagsklassíkur 2019 kynnt. Stefnt er að þrennum tónleikum frá janúar fram í mars í sal Tónlistarskóla Garðabæjar. Að þessu sinni verður dagskráin í samvinnu við KÍTON, félags kvenna í tónlist en Ingibjörg Guðjónsdóttir er listrænn stjórnandi hátíðarinnar eins og undanfarin ár. Framlögð dagskrá samþykkt.

6. 1810228 - Styrkbeiðni vegna tónleika í Garðakirkju í desember

Bréf kammerhópsins Camerartica, dags. 1. október 2018, um styrk vegna árlegra tónleika undir yfirskriftinni „Mozart við kortaljós“; í Garðakirkju, 21. desember nk, var tekið fyrir.

Menningar- og safnanefnd samþykkir að veita kammerhópnum Camerartica styrk að upphæð 260 þúsund kr til tónleikahaldsins. Lögð er áhersla á að viðburðurinn verði kynntur bæjarbúum með auglýsingu.

7. 1710153 - Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Í tilefni af 100 ára afmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands ætlar Bókasafn Garðabæjar að bjóða upp á erindi frá Steinari J. Lúðvíkssyni sem ritaði Sögu Garðabæjar 30. október kl. 18. Fjallað verður um hvernig Garðabær var árið 1918.

Áframhaldandi umræður um að menningar- og safnanefnd standi fyrir ljósmyndasamkeppni þar sem þátttakendur senda inn myndir úr daglegu lífi í Garðabæ á 100 ára afmæli fullveldisins. Rætt var um hvort halda ætti sýningu með innsendum myndum frá bæjarbúum í staðinn fyrir samkeppni og skoða hvort hægt væri að setja upp sýninguna í Bókasafni Garðabæjar í kringum 18. desember um svipað leyti og haldið er upp á 50 ára afmæli safnsins.

8. 1809228 - Tillaga um stofnun Sköpunarmiðstöðvar (Menningarhús)

Tillaga Garðabæjarlistans um stofnun Sköpunarmiðstöðvar var lögð fram á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 20. september sl. Tillögunni var vísað til bæjarráðs sem vísaði tillögunni til kynningar í menningar- og safnanefnd og til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar 2019.

Umræður voru um tillöguna og upplýsingastjóra falið að afla upplýsingar um sambærilega starfsemi annars staðar.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir lagði fram bókun f.h. Garðabæjarlistans:

Garðabæjarlistinn fagnar því að vel sé tekið í tillögur um sköpunarmiðstöð. Garðabæjarlistinn leggur áherslu á að í miðstöðinni verði fyrst og fremst aðstaða til list- og nýsköpunar fyrir ungt fólk. Til dæmis geti miðstöðin hýst lítil sprotafyrirtæki og veitt ungum listamönnum í bænum vinnuástöðu. Þannig verði stuðlað að því að efla samfélag skapandi ungs fólks í bænum og þeim gert kleift að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Garðabæjarlistinn vill að sköpunarmiðstöðinni verði komið á fót sem allra fyrst og þ.a.l. verði hún sett á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2019.

Formaður áréttaði að í Vegvísi, greinargerð starfshóps um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ, dags. í apríl 2018, sem lögð var fram í bæjarráði Garðabæjar 8. maí 2018, er lögð áhersla á að með slíkri fjölnota miðstöð sé lagður grundvöllur að menningar- og fræðaklasa í Garðabæ sem verði vegleg umgjörð utan um starfsemi frumkvöðla, nýsköpun og alls kyns menningarstarfsemi í bænum.

Brýnt sé að næsta skref í þessari undirbúningsvinnu verði stigið á árinu 2019 með frekari stefnumótun, nánari þarfagreiningu, gerð húslýsingar og kostnaðaráætlunar fyrir fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
239. fundur – 29. október 2018**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 29. október 2018. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð. Ingibjörg Hauksdóttir boðaði forföll. Í hennar stað mætti Jón Bjarni Þorsteinsson.

Fundargerðir heilbrigðisnefndir frá 24. september 2018 liggur fyrir.

1 Starfsmannahald

Formaður fór yfir stöðu mála.

2 Skipulagsmál

Deiliskipulagsbreyting, Vatnsendablettur 730-739

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogs, dags. 25. október 2018, þar sem óskað er umsagnar um ábendingu Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags Vatnsendabletts 730-739

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er svæðið sem skilgreint er sem Vatnsendablettir 730-739 skipulagt undir 10 einbýlishúsalóðir en með breyttu skipulagi er gert ráð fyrir raðhúsum og litlum fjölbýlishúsum. Fjöldi íbúða fer úr 10 í 23.

Reglugerð nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína leggur hömlur á uppbyggingu nýrra eldihúsa nærri íbúðabyggð. Reglugerðin er ekki gagnkvæm þ.e. bannar ekki byggingu nýrra íbúðarhúsa nærri eldihúsum alifugla. Þegar kemur að framkvæmd skipulagsáætlunarinnar þarf að taka tillit til ákvæða 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 þar sem fram kemur að hæfileg fjarlægð skuli vera á milli mannbústaða og matvælafyrirtækja annars vegar og mengandi atvinnustarfsemi og annarri starfsemi sem valdið getur óþægindum hins vegar.

Í samræmi við ákvæði skipulagslaga ber sveitarstjórn ábyrgð á gerð skipulags og gerir heilbrigðisnefnd ekki aðra athugasemd með vísunar til ábendingar Skipulagsstofnunar.

2.1 Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar og deiliskipulagi Ása og Grunda

Lagt fram erindi skipulagsfræðings Garðabæjar frá 25. september 2018 þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu aðal- og deiliskipulagsbreytingar Ása og Grunda.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/skipulagslysing-adal-og-deiliskipulagsbreyting-asa-og-grunda>

Í væntanlegu deiliskipulagi þarf að fjalla um atvinnustarfsemi sem nú þegar er á aðliggjandi skipulagssvæði.

2.2 Deiliskipulag Hnoðrahólts og Vetrarmýrar

Lagt fram erindi skipulagsfræðings Garðabæjar frá 25. september 2018 þar sem óskað er umsagnar Lagt fram erindi skipulagsfræðings Garðabæjar frá 22. október 2018 þar sem óskað er umsagnar um tillögu á breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/fjolnota-ithrottahus>


Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd.

2.3 Deiliskipulagsbreyting, Lyngás, svæði L1 og L2

Lagt fram erindi skipulagsfræðings Garðabæjar frá 24. september 2018 þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu deiliskipulagsbreytinga við Lyngás, svæði L1 og L2, Garðabæ.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/lyngas-svaedi-l1-og-l2>

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.



Handwritten signatures and initials, including 'SMA' and 'L2', are present at the bottom right of the page.

3 Skíðasvæðið í Bláfjöllum, Kópavogsbæ, mat á umhverfisáhrifum

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 2. október 2018 þar sem óskað er umsagnar um tilkynningu um framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.

Áformuð uppbygging er fyrirhuguð vatnsöfnunarsvæði vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu. Viðkvæmi svæðisins krefst agaðra vinnubragða og mótvægisáðgerð sem skipta máli jafnt innan svæðisins sem utan svo tvöföld nýting svæðisins getið átt sér stað á farsælan hátt. Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis telur í ljósi þessa að nauðsynlegt sé að boðaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu fari í mat á umhverfisáhrifum.

4 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd

Lögð fram til kynningar fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd frá 10. október 2018.

5 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

Lagt fram til kynningar fundarboð aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða og fundargerð stjórnarfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 16. október 2018.

6 Starfsleyfi, umsagnir, skýrslur, tilkynningar o.þ.h.

6.1 Starfsleyfi

Garðabær

6.1.1 Garðatorg 7B, Garðabær – bónstöð

Lögð fram umsókn Eysteins Haraldssonar, f.h. Garðabæjar (Bónstöðin Garðatorgi), kt. 570169-6109, dags 4.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar í blageymslu Garðatorgs, Garðabæ. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

6.1.2 Lyngás 17, Garðabær – veitingastofa

Lögð fram umsókn Hauks Ragnarssonar, f.h. Mýrin veitinga ehf., kt. 530318-0360, dags. 21.09.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs framleiðslu eldhúss og veitingastofu að Lyngási 17, Garðabæ. Fastanúmer: F2071459. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað milli fundar þar sem úrbótaáætlun hefur ekki borist.

6.1.3 Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabæ – niðurrif

Lögð fram umsókn Péturs Ingasonar, f.h. Mólunar ehf., kt. 540817-0730, dags 23.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs húsa að Lækjarfit 3 og 7, Garðabæ. Tímabundin starfsemi. Einnig var sótt um leyfi fyrir Lækjarfit 5 en ekki var hægt að meta það húsnæði.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit samþykkt leyfi til starfseminnar til 31.12.2018

6.1.4 Miðhraun 4, Garðabæ – niðurrif

Lögð fram umsókn Úlfars Haraldssonar, f.h. Furu ehf., kt. 621281-1009, dags 3.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Miðhrauni 4, Garðabæ. Tímabundin starfsemi.


Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er staðfest leyfi til starfseminnar til 3.12.2018.

Hafnarfjörður

6.1.5 Hellubraut 7, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn Hauks Berg Gunnarssonar, f.h. Bergsmíði ehf., kt. 550903-3260, dags 8.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Hellubraut 7, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er staðfest leyfi til starfseminnar til 1.12.2018.



6.1.6 Hólshraun 3, Hafnarfjörður – vinnsla matvæla

Lögð fram að nýju umsókn Jónasar M. Karlssonar, f.h. Stóru fjölskyldunnar ehf., kt. 640817-0620, dags. 29.08.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir vinnslu matvæla að Hólshrauni 3, Hafnarfirði. Tímabundið starfsleyfi.

Fyrir liggur erindi Sigurpáls Birgissonar f.h. Veislulistar Skútan ehf., dags. 28.08.2018, þar sem fram kemur heimild til Stóru fjölskyldunnar ehf, til að nota tímabundið aðstöðuna að Hólshrauni 3, Hafnarfirði, sem undirbúnings eldhúss. Starfsmaður Veislulistar Skútunnar ehf, sem jafnframt er einn að eigendum Stóru fjölskyldunnar verður með umsjón með notkun á húsnæðinu fyrir bæði fyrirtækin. Með vísun til ákvæða matvælaeðreglugerða er bráðabirgðaleyfi samþykkt til 6 mánaða.

6.1.7 Norðurhella 8, Hafnarfjörður - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóhanns D. Barðasonar, f.h. Bifvélavirkjans ehf., kt. 500918-0120, dags. 15.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Norðurhelli 8, Hafnarfirði. Fastanúmer: 230-5373. Ný starfsemi.

Fyrir liggur neikvætt svar frá byggingafultrúa dags.18.10.2018. (húsnæðið skráð sem vörugæmsla og fyrirhuguð starfsemi stenst ekki deiliskipulagskilmála.)

Með vísunar til reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er afgreiðslu frestað og umsækjanda kynnt afstaða byggingarfulltrúa og skipulagsforsendur.

6.1.8 Reykjavíkurvegur 78-80, Hafnarfjörður - rannsóknastofa

Lögð fram umsókn Þóru B. Magnúsdóttur, f.h. Actavis Group PTC ehf., kt. 640706-0310, dags. 22.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs rannsóknastofu að Reykjavíkurvegi 78-80, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-8690,-8692 og 8693. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6.1.9 Sólvangsvegur 2, Hafnarfjörður – hjúkrunarheimili

Lögð fram umsókn Kristjáns Sigurðssonar, f.h. Sólvangs, kt. 420106-1220, dags. 26.09.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjúkrunarheimilis að Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði.

Fastanúmer: F2076501 og F2076502. Endurnýjun á eldra starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

6.1.10 Strandgata 41, Hafnarfjörður – hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Þórunnar Arinbjarnardóttur, f.h. Topps, hársnyrtistofu, kt. 700987-1169, dags. 28.09.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Strandgötu 41, Hafnarfirði.

Fastanúmer: F2265166. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttaeðreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Kópavogur

6.1.11 Bakkabraut 5e, Kópavogur – snyrtivöruframleiðsla

Lögð fram umsókn Renata Nowak, f.h. Dermér ehf., kt. 511018-0640, dags. 11.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til snyrtivöruframleiðslu að Bakkabraut 5e, Kópavogi. Fastanúmer: F2235544.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

6.1.12 Holtasmári 1, Kópavogur – læknastofa

Lögð fram umsókn Guðnýjar Eiríksdóttur, f.h. Hjartaverndar ses., kt. 600705-0590, dags. 27.09.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs læknastofu að Holtasmára 1, Kópavogi.

Fastanúmer: F2241742. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttaeðreglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára.


6.1.13 Hamraborg 4, Kópavogur – veitingastofa

Lögð fram umsókn Ingibjargar Þorvaldsdóttur f.h. Heiðarlegur matur ehf., kt. 501017-1080, dags.

2.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu í Gerðarsafni að Hamraborg 4, Kópavogi.

Fastanúmer: F2229937. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttaeðreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.



6.1.14 Hamraborg 4, Kópavogur – samkomuhús

Lögð fram umsókn Kristínar Dagmar Jóhannesdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 23.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gerðasafns (Listasafn Kópavogs) að Hamraborg 4, Kópavogi. Fastanúmer: F2229937. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára

6.1.15 Hamraborg 7, Kópavogur – hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Önnu L. Aðalgeirsdóttur f.h. Zsa Zsa hárgreiðslustofa slf., kt. 710113-0840, dags. 24.09.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Hamraborg 7, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára og rekstraraðila gefin kostur á að aðlaga búnað að breyttum kröfum reglugerðar um hollustuhætti (br. 578/2017).

6.1.16 Kársnesbraut 112, Kópavogur – veislueldhús

Lögð fram umsókn Sigvalda Jóhannessonar f.h. Villibráð Silla slf., kt. 420315-0900, dags. 23.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veislueldhúss að Kársnesbraut 112, Kópavogi. Fastanúmer: 206-3144. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

6.1.17 Rjúpnasalir 1, Kópavogur – hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Aðalheiðar Láru Óðinsdóttur f.h. Hársnyrtistofunnar Salahárs ehf., kt. 490512-1280, dags. 25.10.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. Fastanúmer: F2275866. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

6.1.18 Smiðjuvegur 11, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Emilliu K. Gíslason f.h. Praxis 999 ehf., kt. 530414-2010, dags. 28.09.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Smiðjuvegi 11, Kópavogi. Fastanúmer: F2065298. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

6.2 Umsagnir

Garðabær

6.2.1 Ásgarður, Garðabæ – Íþróttahús, tækifærisleyfi


Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 01.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Stjórnunnar körfuknattleiksdeildar, kt. 511093-2449, um tækifærisleyfi vegna samkomu í Ásgarði, Íþróttahúsi, Garðabæ þann 3.11.2018 frá kl. 17.00 – 03.00. Fyrir allt að 180 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

6.2.2 Garðatorg 1-5, Garðabæ – torg, tækifærisleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 26.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn, menningar og safnnefndar Garðabæjar um tækifærisleyfi vegna tónleika á torgi innan dyra við Garðatorg 1-5, Garðabæ þann 8.11.2018 frá kl. 20:30 – 22:45. Fyrir allt að 300 manns. Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við að tónleikarnir verði haldið á torginu eins og sótt er um

6.2.3 Skólabraut 6, Garðabæ – framhaldsskóli samkomusalur, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 01.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Stjórnunnar handknattleiksdeildar, kt. 460180-0159, um tækifærisleyfi vegna samkomu í Urðarbrunni FG, Skólabraut, Garðabæ þann 20.10.2018 frá kl. 18.00 – 24.00. Fyrir allt að 200 manns. Jákvæð umsögn staðfest.



6.2.4 Skólabraut 6, Garðabæ – framhaldsskóli samkomusalur, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 02.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Stjórnunnar handknattleiksdeildar, kt. 460180-0159, um tækifærisleyfi vegna samkomu í Urðarbrunni FG, Skólabraut, Garðabæ þann 19.10.2018 frá kl. 18.00 – 24.00. Fyrir allt að 200 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

Hafnarfjörður

6.2.5 Kaplakriki, Hafnarfjörður – Íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, móttekið 26.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Keðjunnar nemendafélags Kvennaskólans, kt. 430993-2089, um tækifærisleyfi vegna samkomu íþróttahúsínu Kaplakrika, Hafnarfirði þann 15.11.2018 frá kl. 22.00 – 01.00. Fyrir allt að 1000 manns.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við að ball verði haldið í íþróttahúsínu eins og sótt er um.

Kópavogur

6.2.6 Bæjarlind 6, Kópavogur – veitingastaður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 9.10.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Keðjunnar nemendafélags, kt. 430993-2089, um tækifærisleyfi vegna samkomu á Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi þann 25. október frá kl. 22.00 – 01.00. Jákvæð umsögn staðfest.

6.3 Annað

6.3.1 Hagasmári 1, Kópavogur – bar / kvikmyndahús

Lagt fram erindi Ástu Maríu Harðardóttur f.h. Sena ehf., kt. 510205-1380 og Þrjúbló ehf., kt. 451206-0360, dags. 28.09.2018 þar sem óskað er eftir að sameina starfsleyfin undir eina kennitölu. Þrjúbló ehf., kt. 451206-0360.

Erindið samþykkt.

6.3.2 Reykjavíkurvegur 78, Hafnarfjörður – leiðrétting á samþykktu starfsleyfi.

Lagður fram tölvupóstur Ragnars Hrafnssonar, f.h. Coripharma ehf., kt. 491002-3280, frá 3. október 2018 um leiðréttingu vegna afgreiðslu á starfsleyfisumsókn fyrirtækisins þann 24. september 2018 þar sem ekki kom fram að samþykkt starfsleyfis taki til framleiðslu en ekki aðeins dreifingu fæðubótarefna að Reykjavíkurvegi 78, Hafnarfirði.

Afgreiðsla leiðrétt.

6.3.3 Matvælahópur

Farið yfir drög að fundargerð matvælahóps frá 17.09.2018 og kynnt vinna við listerfu verkefni sem er framundan. Undirbúningur fyrir verkefnið fór fram á námskeiði í mars.


6.3.4 Hollustuháttahópur

Lagt til að Páll Stefánsson taki sæti í hollustuháttahópi fyrst um sinn í stað Sigrúnar Hrannar Halldórsdóttur.

6.3.5 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti – drög að reglugerð um meðferð umbúða og umbúðaúrgang

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur vakið athygli á því að nú er til umsagnar reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 609/1996, um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs. Tilgangur reglugerðarinnar er að gera merkingar- og auðkenningarkerfi 5. gr. reglugerðarinnar valfrjálst, sjá skýringar með reglugerðardrögum. Tekið er á móti umsögnum til 15. október nk.

Sjá tengil á samráðsgáttina hér: [https://samradsgatt.island.is/oil-mail/\\$Cases/Details/?id=144](https://samradsgatt.island.is/oil-mail/$Cases/Details/?id=144)
Ekki er talin ástæða til athugasemda.



- 6.3.6 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti - drög að breytingu á reglugerð um meðhöndlun úrgangs og viðauka hennar um sérstakan úrgang frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof, húðgatanir og húðflúr.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur athygli á því að nú er til umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins drög að breytingu á reglugerð um meðhöndlun úrgangs og viðauka hennar um sérstakan úrgang frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof, húðgatanir og húðflúr. Sjá tengil á reglugerðardrögin á samráðsgáttinni hér:

[https://samradsqatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=149](https://samradsqatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=149)

Lagðar til breytingar um á skilgreiningum á tegund stofnana sem umræddur úrgangur verður til hjá..

- 6.3.7 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti – drög að reglugerð um urðun úrgangs

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti hefur vakið athygli á því að nú er til umsagnar reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs. Tilgangur reglugerðarinnar er að fella niður eitt ákvæði reglugerðarinnar sem ekki hefur lengur lagastöð, sjá nánari skýringar með reglugerðardrögunum. Tekið er á móti umsógnum til 15. október nk.

Sjá tengil á samráðsgáttina hér: [https://samradsqatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=145](https://samradsqatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=145)

Ekki er talin ástæða til athugasemda.

- 6.3.8 Nefndarsvið Alþingis

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (islenskukunnátta), 178. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 1. nóvember nk:

<https://www.althingi.is/altext/149/s/0181.html>

Ekki er talin ástæða til að athugasemda.


7 Önnur mál

7.1 Mengun í Kópavogslæk

Lagt fram til kynningar afrit af bréfi til Málningar hf. um vettvangsskýrslu vegna mengunar í umhverfi.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:30

Sigurður Grétarsson



Sævar Gíslason


Sævar Gíslason




Jón Bjarni Þorsteinsson




Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson



Jón Haukur Ingvason



Reykjavík, 19. október 2018
Fundargerð 176. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 19. október 2018 var haldinn 176. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir í fjarveru Dags B. Eggertssonar og Ágúst Bjarni Garðarsson í fjarveru Rósu Guðbjartsdóttur. Ármann Kr. Ólafsson boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri og Ellisif Tinna Víðisdóttir lögfræðingur, frá kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, sátu fundinn undir lið 1. Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar og Bjarni Kjartansson, sviðstjóri hjá SHS sátu fundinn undir lið 2.

Fundarstjóri var Gunnar Einarsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Félagsdómur

Farið yfir stefnu Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) fyrir Félagsdóm. Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri og Ellisif Tinna Víðisdóttir lögfræðingur, frá kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, sátu fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi lagt fram:

- Félagsdómur, stefna, dags. 8 október 2018.

Afgreiðsla: Kynning.


2. Eftirlitsaðferðir og skoðunarskylda

Slökkviliðsstjóri kynnti hugmyndir að eftirlitsaðferðum og skoðunarskyldu SHS, vegna eldvarnaeftirlits. Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar og Bjarni Kjartansson, sviðstjóri hjá SHS, sátu fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi lagt fram:

- Drög að forsendum fyrir árlegri eftirlitsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 19. október 2018.

Afgreiðsla: Kynning. Stjórn tekur undir mikilvægi rafræns eftirlits.



3. Fjárhagsáætlun

Farið yfir fjárhagsáætlun SHS til næstu fimm ára, en hún byggir á verðlagsforsendum sem stjórn samþykkti á 174. fundi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fjárhagsáætlun SHS 2019-2023, dags. 21. september 2018.
- Minnisblað; Hagræðing SHS á rekstrarárunum 2018 og 2019 – 2013, dags. 19. október 2018.

Afgreiðsla: Fjárhagsáætlun 2019 – 2023 samþykkt. Hún verður send stjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

4. Gjaldskrá SHS

Ný gjaldskrá SHS fyrir árið 2019 kynnt.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gjaldskrá SHS, dags. 19. október 2018.
- Minnisblað; Gjaldskrá SHS 2019, dags. 19. október 2018.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir gjaldskrána fyrir sitt leyti. Hún verður send stjórnnum aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

5. Persónuverndarfulltrúi

Frestað mál frá síðasta fundi. Slökkviliðsstjóri fór yfir samskipti sín við forstjóra Strætó og Sorpu.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að málinu.

6. Starfsreglur

Frestað mál frá síðasta fundi. Endurskoðaðar starfsreglur stjórnar lagðar fram til kynningar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsreglur stjórnar, 2. útgáfa, drög I, ódags.

Afgreiðsla: Frestað.

7. Siðareglur

Frestað mál frá síðasta fundi. Endurskoðaðar siðareglur stjórnar lagðar fram til kynningar.

Eftirfarandi lagt fram:


- Siðareglur stjórnar, 2. útgáfa, drög I, ódags.

Afgreiðsla: Frestað.

8. Lóð fyrir nýja slökkvistöð

Farið yfir stöðu mála og mögulegar lóðir fyrir nýja slökkvistöð í staðinn fyrir stöðina við Tunguháls.

Afgreiðsla: Frestað. Slökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að málinu.



9. Önnur mál


Engin önnur mál.

Næsti fundur verður föstudaginn 16. nóvember.


Fundi slitið klukkan 09:20.

Fylgiskjöl:


- Félagssómur, stefna, dags. 8 október 2018.
- Drög að forsendum fyrir árlegri eftirlitsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 19. október 2018.
- Fjárhagsáætlun SHS 2019-2023, dags. 21. september 2018.
- Minnisblað; Hagræðing SHS á rekstrarárunum 2018 og 2019 – 2013, dags. 19. október 2018.
- Gjaldskrá SHS, dags. 19. október 2018.
- Minnisblað; Gjaldskrá SHS 2019, dags. 19. október 2018.
- Starfsreglur stjórnar, 2. útgáfa, drög I, ódags.
- Siðareglur stjórnar, 2. útgáfa, drög I, ódags.




Þórdís Lóa Þórhallsdóttir




Ásgerður Halldórsdóttir



Háraldur Sverrisson



Gunnar Einarsson



Agúst Bjarni Garðarsson



STJÓRN SSH 461. fundur

Föstudaginn 21. september 2018, kl. 10:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SHS, Skógarhlíð 4.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson.
Fjarverandi: Ásgerður Halldórsdóttir og Karl M. Kristjánsson.

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagstjóri SSH, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Viljayfirlýsingu og samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Lögð voru fram drög að viljayfirlýsingu og samkomulagi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Samkomulagið rammur inn viðræður til að tryggja fjármögnun fjárfestinga í stofnvegum og hágæðakerfi almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu á gildistíma langtíma samgönguáætlunar. Í viljayfirlýsingunni kemur fram að verkefnahópur undir forystu Hreins Haraldssonar, fyrrverandi vegamálastjóra, muni leiða viðræðurnar og niðurstöður liggi fyrir eigi síðar en 15. nóvember 2018. Auk Hreins tilnefna aðilar tvo fulltrúa hvor um sig í verkefnahópinn. Gert er ráð fyrir að reglulegum fundum verkefnahópsins með stýrihópi SSH og Vegagerðarinnar og fulltrúa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Ráðherra mun kynna helstu atriði samgönguáætlunar á BSÍ kl. 16 í dag og óskar eftir að samkomulagið verði undirritað á sama tíma.

Niðurstaða:

Samþykkt að undirrita viljayfirlýsinguna og samkomulagið milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Jafnframt samþykkt að Hrafnkell Á. Proppé og Þorsteinn R. Hermannsson verði fulltúrar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í verkefnahópnum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 10:45



STJÓRN SSH 462. fundur

Mánudaginn 8. október 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Rósa Guðbjartsdóttir.

Fjarverandi: Dagur B. Eggertsson og Karl M. Kristjánsson.

Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

- a) Ljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu – Leiðir til úrbóta.
Lilja G. Karlsdóttir frá Viaplan og Albert Sveinsson frá Swarco í Noregi mættu á fundinn og kynntu fyrirkomulag og tæknilausnir við stýringu umferðarljósa í Osló.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn telur eðlilegt að málið verði skoðað frekar í tengslum við útfærslu á aðgerðum til úrbóta á samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu.

- b) Samantekt vegna fyrirliggjandi verkefna sem tengjast úrbótum í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu.
Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra og yfirlit yfir fyrirliggjandi verkefni.

2. Búsetuúrræði fyrir ungmenni – tillögur starfshóps /málsnr. 1808002

Snorri Aðalsteinsson sat fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti fyrirliggjandi tillögur starfshóps um möguleika á samstarfi sveitarfélaganna við rekstur á sameiginlegu búsetuúrræði.

Umræður

Niðurstaða:

Málið verður skoðað frekar í hverju einstöku sveitarfélagi og tekið til frekari umræðu að þeirri skoðun lokinni.

3. „Græni stígurinn“ – erindi Skógræktarfélags Íslands /málsnr. 1701003

Fyrir lá erindi frá Skógræktarfélagi Íslands þar sem vakin er athygli á ályktun aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2018 um nauðsyn þess að sveitarfélögin hugi að frekari framkvæmdum vegna uppbyggingar Græna stígsins.

Framkvæmdstjóri lagði til að málið yrði tekið til frekari skoðunar á sameiginlegum fundi garðyrkjustjóra sveitarfélaganna.

Samþykkt.



4. Erindi velferðarráðuneytisins – beiðni um tilnefningu fulltrúa SSH í stýrihóp vegna málefna utangarðsfólks /málsnr. 1809005

Samþykkt að tilnefna Rannveigu Einarsdóttur, sviðsstjóra fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, sem fulltrúa SSH í stýrihópinn.

5. Fundur með fjárlaganefnd

Framkvæmdastjóri upplýsti um væntanlegan fund fulltrúa SSH með fjárlaganefnd Alþingis miðvikudaginn 24. október nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:40

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

292. fundur

Föstudaginn 12. október 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Björg Fenger, Hjálmar Sveinsson, Sigrún Edda Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Karen Halldórsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir og Ásgeir Sveinsson.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2019-2023
2. Starfsáætlun stjórnar
3. Efling almenningsamganga
4. Vagnakaup – tafabætur
5. Akstursþjónusta fatlaðra
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2019-2023

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti drög að fjárhags- og starfsáætlun 2019-2023. Áætlunin byggir á forsendum sem kynntar voru á eigendafundi Strætó 1. október sl. eftir umfjöllun í stjórn Strætó 30. ágúst og 21. september sl.

Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun Strætó fyrir tímabilið 2019-2023.

2. Starfsáætlun stjórnar

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að starfsáætlun stjórnar fyrir tímabilið 2018-2019 í samræmi við umræður á fundi stjórnar 17. ágúst sl., gert er ráð fyrir að áætlunin verði samþykkt á næsta fundi stjórnar.

3. Efling almenningsamganga

Áframhaldandi umfjöllun, frá fundi stjórnar 30. ágúst sl., um skýrslu og aðgerðaáætlun sem Mannvit vann í samstarfi við starfsmenn Strætó um það hvernig helst má efla almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Í skýrslunni kemur fram að samningur ríkisins og SSH um tilraunaverkefnið um eflingu almenningsamganga á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2012-2022, hefur skilað árangri og flestir þeir mælikvarðar sem þar eru notaðir sýni jákvæðar niðurstöður. Enn hefur þó ekki tekist að ná viðunandi árangri í hlutfalli ferða með almenningsvögnum af heildarfjölda ferða á höfuðborgarsvæðinu.

Árni Stefánsson og Valgeir Skarphéðinsson frá verkfræðistofunni Mannvit, fóru yfir skýrsluna frá 26. september sl. og helstu aðgerðir sem talið er að þurfi fara í þannig hægt verði að auka hlutdeild almenningsamgangna í öllum ferðum á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn lýsir yfir ánægju með skýrsluna og kynninguna á fundinum og telur að hún sé gott veganesti fyrir framtíðar umræðu um eflingu almenningsamgangna.

4. Vagnakaup - tafabætur

Á fundi stjórnar 17. ágúst og 21. september sl. var farið yfir málið og álit starfsmanns borgarlögmanns á því hvort Strætó væri heimilt að semja með tilteknum hætti um uppgjör tafabóta vegna seinkunar á afhendingu rafvagna sem keyptir voru á grundvelli örútboða nr. II og III. Á fundinum 21. september sl. samþykkti stjórn að óska eftir öðru óháðu lögfræðilíti.

Framangreind örútbóð voru boðin út á grundvelli rammisamnings, sbr. samningskaup nr. 13002 frá 2013. Í samningskaupalýsingu kemur fram að ef söluaðili afhendir ekki strætisvagnanna á tilsettum tíma skal hann greiða kaupanda tafabætur.

Andri Árnason lögmaður á Juris slf kom á fundinn og fór yfir málið.

Stjórn samþykkir að fresta afgreiðslu til næsta fundar stjórnar.

5. Akstursþjónusta fatlaðra

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs Strætó, fór yfir stöðuna í akstursþjónustu fatlaðra, þar á meðal var farið yfir stöðuna sem upp er komin vegna greiðsluferfiðleika eins af verktökunum sem sjá um akstur í akstursþjónustunni.

Einnig var fjallað um fyrirhugað útbóð á þjónustu akstursþjónustu fatlaðra þar sem núverandi samningur rennur út í lok árs 2019.

6. Önnur mál

- a. Umfjöllun um færslu borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands á samfélagsmiðlum um Strætó 10. október sl. - Stjórn Strætó áréttar að þeir starfsmenn sem hafa undanfarin 3 ár verið ráðnir til starfa í gegnum Elju starfsmannaþjónustu njóta í einu og öllu sömu launa og réttinda og aðrir starfsmenn Strætó. Laun þeirra eru greidd af Strætó en ekki í gegnum þriðja aðila. Við teljum samt óheppilegt að húsnæðiskostnaður og annar kostnaður hafi verið dreginn af laununum með þeim hætti sem gert var, jafnvel þótt það hafi verið gert með skriflegu samþykki starfsmannanna. Því verklagi hefur nú verið breytt.
- b. Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um 7,5 mínútna tíðni Strætó á stofnleiðum. - Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra Strætó að skoða útfærslu á tillögunni og kostnað við hana
- c. Fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um stofnun félags strætófarþega, dagsett 4.10.2018. Stjórn Strætó hafði ekki sambandi við Hollvínasamtöku Strætó.
- d. Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstrarerfiðleika hjá verktökum Strætó, dagsett 4.10.2018. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara erindinu.
- e. Fundur með fulltrúum landsbyggðasamtaka vegna fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi almenningsamganga á landsbyggðinni. - Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Strætó áttu fund með fulltrúum landsbyggðasamtaka 4. október sl. Á fundinum var farið yfir stöðuna en landsbyggðarsamtökin hafa sagt upp samningum sínum við Strætó frá og með næstu áramótum, þar sem ekki er komin niðurstaða í viðræður þeirra við ríkið um framtíðarfyrirkomulag á þjónustunni.
- f. Mælaborð yfir lykiltölur í rekstri, lagt fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 13:30

Fylgiskjöl:

- Fjárhags- og starfsáætlun 2019-2023, samþykkt 12. okt. 2018
- Efling almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, dags. 27. september 2018
- Strætó – sóknarfæri kynning, dags. 12.10 2018
- Mælaborð janúar til september 2018
- Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um 7,5 mínútna tíðni Strætó á stofnleiðum, dags. 2. október 2018
- Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 4.10.2018
- Fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, dags. 4.10.2018

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

397. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 17.10.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Kristinn Andersen, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarki Bjarnason og Magnús Örn Guðmundsson. Bjarni Torfi Álfþórsson, Ágúst Bjarni Garðarsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir boðuðu förföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri, Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna sat fundinn undir lið 1 og.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2019 – 2023.

Framkvæmdastjóri og rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna leggja fram endurskoðaða áætlun fyrir fjárfestingar og hagræðingar hugmyndir um rekstur endurvinnslustöðvanna árið 2019. Málið rætt.

2. Niðurstaða útboðs vegna vélavinnu í Álfsnesi

Opnuð voru tilboð í verkið þann 8. október sl. Alls bárust þrjú (3) tilboð sem eru þannig eftir yfirferð ráðgjafa:

| Bjóðandi | Tilboðsupphæð, kr | Hlutfall af kostnaðaáætlun |
|--------------------------------|-------------------|----------------------------|
| HJ bílar | 457.070.101,- | 52% |
| Ellert Skúlason og Borgarvirki | 623.689.000,- | 71% |
| Loftorka | 1.008.445.376,- | 115% |
| Kostnaðaráætlun | 875.440.000,- | 100% |

Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við lægstbjóðanda um verkið að uppfylltum skilyrðum í innkaupareglum SORPU.

3. Viðræður við Kólku

Málinu frestað.

4. Endurvinnsla á plasti

Framkvæmdastjóri greinir frá því að vegna stöðu í endurvinnslu á plasti í Evrópu hafi móttökuaðili SORPU í Svíþjóð neyðst til að senda allt plast til orkuendurvinnslu frá 1.

T377

júni að telja. Unnið er að því að fina nýjar leiðir sem vonast er til að verði komnar í notkun í byrjun árs 2019.

5. Starfsleyfi urðunarstaðar í Álfsnesi

Framkvæmdastjóri kynnir bréf sem sent var umhverfissráðherra í þann 5. október sl. þar sem farið er fram á undanþágu frá starfsleyfi. Málið rætt.

Líf Magneudóttir fór af fundi kl. 09:25

6. Samningur við Sorpstöð Suðurlands bs. (SOS)

Framkvæmdastjóri kynnir drög að samningi við SOS sbr. umræðu á eigendafundi þann 1. október sl. og stjórnarfundum SORPU þann 3. október sl. Málið rætt. Málefnið verður rætt á eigendafundi þann 22. október nk.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 24. október kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:30

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Jón Jónsson

Jóna Leudvík

Bjarki Bjarnason

Ólafur

Ásgeir

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Ólafur

Þorgerður

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

398. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 24.10.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarki Bjarnason boðuðu forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2019 – 2023.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að rekstraráætlun 2019 – 2023. Málið rætt. Stjórn samþykkir áætlunina.

2. Lántökur vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

Vísað er til fundar stjórnar SORPU bs. þann 12. september 2018 þar sem fjallað er um lántökur vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar og bókunar um að stjórn óski staðfestingar á lántökunni hjá eigendum. Stjórn samþykkir að óska eftir ábyrgð eigenda á áformaðri lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga með því að veita veð í útsvarstekjum þeirra.

3. Starfsleyfi urðunarstaðar

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu málsins.

4. Viðræður við Kólku

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri skýra frá fundi með fulltrúum Kólku og Capacent þar sem farið var yfir stöðuna. Stefnt er að því að fljótlega ljúki vinnu Capacent og þá hægt að taka afstöðu til hugsanlegrar sameiningar.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 16. nóvember kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 08:15

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Jón Jónsson (1377)
Líf Magneudóttir
Ágúst Bjarni Garðarsson
Jóna Sæmundsdóttir
Bjarni Torfi Álfþórsson
Kolbrún Þorsteinsdóttir
Bjarki Bjarnason
Björn H. Halldórsson
Bjarni Hjarðar
Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Fundargerð
15. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 22. október 2018, kl. 08:30

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi
Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson, stjórnarformaður, Kópavogi
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbæ
Ásgeir Bjarni Garðarsson, Hafnarfjarðarbæ

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., Guðrún Eva Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri SORPU bs. og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2019

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

- a) Rekstraráætlun SORPU bs. 2019-2023, 3. drög.
- b) Yfirlit yfir áætlaðar greiðslu sveitarfélaganna til SORPU bs. á árinu 2019.
- c) Vinnuskjal – „Umfjöllun um nokkrar tillögur um breytingar á endurvinnslustöðvum“.

Formaður og framkvæmdastjóri SORPU bs. fór yfir meginþætti í endurskoðaðri tillögu að rekstraráætlun byggðasamlagsins, sbr. samþykkt á 14. eigendafundi.

Ennfremur var farið ítarlega yfir rekstur endurvinnslustöðva og tillögur um mögulegar breytingar í rekstri þeirra sbr. C lið hér að ofan.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendafundurinn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að rekstraráætlun byggðasamlagsins. Stjórn SORPU bs. mun eftir sem áður vinna að skoðun leiða til að lækkar rekstrarkostnað byggðasamlagsins og sérstaklega leiðir til að lækka kostnað sveitarfélaganna vegna reksturs endurvinnslustöðva sbr. C lið hér að ofan.

2. mál: Urðunarstaður í Álfsnesi – staða vegna starfsleyfis og tímasetningar í eigendasamkomulagi frá október 2013

Framkvæmdastjóri SORPU bs. upplýsti um stöðu umsóknar um framlengingu á starfsleyfi vegna urðunarstaðarins. Beðið er svars ráðuneytis við umsókninni.

3. mál: Samstarf sorpsamlaga á suðvesturhorni – viljayfirlýsing og staða viðræðna um mögulegan framtíðarurðunarstað á suðurlandi

Rætt var um stöðu í viðræðum SORPU bs. og SOS bs. um sameiginlegan urðunarstað fyrir óvirkan úrgang og gerð nýs skammtímasamnings milli SORPU bs. og SOS bs. sbr. samþykkt eigendafundar frá 1. október sl.

Niðurstaða:

Samþykkt að framkvæmdastjóri SORPU bs. haldi áfram frágangi samnings milli aðila sem m.a. byggir á 50% hækkun á samningsverði frá fyrri samningi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 10:00

Páll Guðjónsson, fundarritari.



Fundargerð

85. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 12. október 2018 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Garðabær:

Harpa Þorsteinsdóttir

Sigurður Guðmundsson

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Þorleifur Örn Gunnarsson

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Helga Hauksdóttir, Bjarney Grendal Jóhannesdóttir og Ragnhildur Jónadóttir boðuðu forföll.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. Breytingar á vaxtarmörkum á Álfsnesi /málsnr. 1712001

Innkomnar athugasemdir við tillögu á vinnslustigi að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og aðalskipulagi Reykjavíkur 2030.

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, skipulagsrágjafi hjá Alta, fer yfir þær athugasemdir sem borist hafa við vinnslutillögur svæðisskipulagsins og aðalskipulags Reykjavíkur.

Innkomnar sameiginlegar athugasemdir sem að eiga við um vinnslutillögur vegna svæðis- og aðalskipulagsbreytingar: Alls eru það 12 aðilar sem hafa sent inn athugasemdir.

Alvarlegasta athugasemdin er frá Minjastofnun sem vegna verndunarsjónarmiða leggst alfarið gegn þeirri staðsetningu fyrir efnisvinnslusvæði sem afmarkað er í aðalskipulagi Reykjavíkur. Með athugasemd Minjastofnunar fylgir kort af minjaheildum við Álfsnesvík og á Þerneyjarsundi. Skoða þarf vel hvernig lágmarka megi áhrif efnistökusvæðisins og annarra fyrirhugaðra framkvæmda á skráðar minjar og afmarkaðar minjaheildir.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur áherslu á að í áframhaldandi skipulagsvinnu þurfi að skoða sérstaklega hvort hægt sé með tilliti til minjaverndar að útfæra betur efnistökkustað í Álfsnesvík með hliðsjón að Sundabraut og öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum á Álfsnesi. Jafnframt sé þörf á að

rýna betur aðra mögulega staðsetningarkosti fyrir efnislosunarsvæði sem hafi ekki sömu neikvæðu áhrifin á minjar og minjasvæði.

2. Álfsnes – Björgun - Matsáætlun / málsnr. 1809003

Drög að tillögu að matsáætlun vegna nýs starfssvæðis Björgunar á Álfsnesi. Til umsagnar.

Samhliða kynningum á drögum að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins hefur Björgun hafið vinnu við umhverfismat framkvæmda. Björgun óskar eftir umsögnum um drög að tillögu að mátsáætlun vegna nýs starfssvæðis Björgunar á Álfsnesi.

Hrafnhildur Brynjólfsson, skipulagsráðgjafi hjá Alta, kynnir drögin.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við drögin en vill leggja áherslu á tryggja þurfi að samræmi verði milli valkosta sem umhverfismatið nær yfir og þeirra sem skoðaðir verða frekar í breytingarferli aðalskipulags Reykjavíkur og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

3. Kynning á skýrslu Mannvits um tillögur til úrbóta við eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu / málsnr. 1601001

Í kjölfar framvindumats 10 ára tilraunaverkefni til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem gert var fyrir stýrihóp verkefnisins í mars 2018 fékk Strætó bs. það verkefni að skoða hvaða aðgerðir væru líklegar til að auka líkur á að markmiðum tilraunaverkefnisins um fjölgun farþega í strætó.

Skipaður var sérstakur starfshópur samgönguverkfræðinga Mannvits og starfsmanna Strætó bs. Tillögur hópsins eru settar fram í skýrslu Mannvits.

Árni Freyr Stefánsson og Albert Skarphéðinsson samgönguverkafræðingar Mannvits kynna helstu niðurstöður.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd lýsir ánægju með vinnu Strætó bs. og Mannvits. Eitt mikilvægasta verkefni sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu standa fyrir er að breyta ferðavenjum og þar er fjölgun farþega Strætó bs. eitt stærsta áskorunarefnið. Tillögurnar munu nýtast sveitarfélögum og samgönguyfirvöldum vel í því verkefni að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Svæðisskipulagsnefnd tekur undir tillögur starfshópsins um að stofnaður verði formlegur faghópur um leiðakerfisbreytingar Strætó bs., að mótuð verði skýr stefna um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu ásamt því að skoðað verði framtíðarfyrirkomulag Strætó bs. í tengslum við Borgarlínu og aðlögun leiðakerfisins að þeirri uppbyggingu.

Sveinn Óskar Sigurðsson, fulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ, lagði fram eftirfarandi bókun:

Við skipulag og aðlögun leiðakerfis Strætó bs. við Borgarlínu skal hafa til hliðsjónar ábendingar frá dr. Trausta Valssyni, skipulagssérfræðings, og Þórarni Hjaltasyni, umhverfaverkfræðings, sem komið hafa fram m.a. í almennri umræðu og í erindi þeirra til bæjarstjórans í Hafnarfirði á síðasta ári. Mikilvægt er að tryggja að sjónarmið sem flestra af helstu sérfræðingum landsins liggi til grundvallar á því fyrirkomulagi sem hér um ræðir og varðar skipulag til langrar framtíðar sem snýr að almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

4. Aðalskipulag Mosfellsbæjar: Dalland / málsnr. 1809002

Verkefnislýsing til umsagnar sbr. 30. gr. skipulagslaga.

Mosfellsbær áformar að gera breytingar á aðalskipulagi þannig að tveir skikar í landi Dallands sem nú eru skilgreindir sem fristundabyggð verði skilgreindir sem landbúnaðarland.

Í svæðisskipulaginu er lögð áhersla á að vernda landbúnaðarland. Áform Mosfellsbæjar eru í góðu samræmi við stefnu svæðisskipulagsins.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsinguna.

5. Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins

Lögð er fram fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2019. Fjárhagsáætlunin tekur mið af samkomulagi sveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins ásamt starfsreglun nefndarinnar. Fjárhagsáætlun 2019 miðar við að heildarkostnaður við svæðisskipulag verði 27.4 mkr. sem er ríflega 2% hækkun frá fyrra ári.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur til að fjárhagsáætlun verði höfð til grundvallar starfi nefndarinnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:45

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2018, þriðjudaginn 18. september var haldinn 369. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12 og hófst kl. 09:10.

Mættir: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Björg Fenger Garðabæ, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Sigrún Edda Jónsdóttir Seltjarnarnesi varamaður fyrir Magnús Örn Guðmundsson.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að nýrri gjaldskrá fyrir skíðasvæðin. Samþykk samhljóða.
2. Framkvæmdastjóri kynnti framtíðarsýn til ársins 2030.

Fundi slitið kl. 10:15.

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fenger
Halla Karí Hjaltsted

Sigrún Edda Björnsdóttir
Kristín María Thoroddsen

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2018, þriðjudaginn 9. október var haldinn 370. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Varmidal og hófst kl. 13:34.

Mættir: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Björg Fenger Garðabæ, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ og Sigrún Edda Jónsdóttir Seltjarnarnesi varamaður fyrir Magnús Örn Guðmundsson.

Jafnframt: Andrés B. Andresen fjármálastjóri, Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun skíðasvæðanna. Samþykkt samhljóða.
2. Lagt fram yfirlit yfir rekstrar- og fjárfestingarframlög sveitarfélaga 2019-2024.

Fundi slitið kl. 14:35.

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fenger
Halla Karí Hjaltsted
Rúnar Bragi Guðlaugsson

Sigrún Edda Björnsdóttir
Kristín María Thoroddsen

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

1. gr.

55. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög eða reglur mæla fyrir um:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Fimm bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

B. Til tveggja ára. Á fyrsta fundi í júní að afloknum bæjarstjórnarkosningum og tveimur árum síðar kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í:

1. *Stjórn Sorpu bs.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. samþykktum byggðasamlagsins.
2. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. samþykktum byggðasamlagsins.

C. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Búffjareftirlitsmaður*. Einn búffjareftirlitsmaður og annar til vara skv. 10. gr. laga um búffjrhald o.fl. nr. 103/2002.
2. *Fjölskylduráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjölskylduráð skal annast störf þau sem barnaverndarnefnd og jafnréttisnefnd eru falin skv. lögum nr. 80/2002 og lögum 10/2008.
3. *Íþrótt- og tómstundaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð samþykktri í bæjarstjórn þann 26. nóvember 1987.
4. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
5. *Leikskólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
6. *Menningar- og safnanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 13. júní 2002 og 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
7. *Skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd skal jafnframt gegna hlutverki umferðarnefndar, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
8. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
9. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
10. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 28. janúar 1988.
11. *Stjórn Hönnunarsafns Íslands*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands sem samþykkt var í bæjarstjórn Garðabæjar 7. nóvember 2013 og staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra 5. febrúar 2014.

D. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Afréttarnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin annast afréttarmál fyrir Garðabæ og Hafnarfjarðarkaupstað.
2. *Almannavarnanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
3. *Bláffjallanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. samningi aðildarsveitarfélaga.
4. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

5. Fulltrúaráð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Fjóra fulltrúa samkvæmt 6. gr. samþykktá samtakanna frá 4. nóvember 2011.
6. *Heilbrigðisnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara. Bæjarstjórnir á svæðinu kjósa sameiginlega fjóra aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
7. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. samþykktá um Samband íslenskra sveitarfélaga frá 1. október 2010.
8. *Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. starfsreglum nefndarinnar nr. 1165/2007.
9. *Stjórn Hjálparsjóðs Garðasóknar*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. staðfestri samþykkt aðalsafnaðarfundar frá 1. apríl 1987.
10. *Stjórn Reykjanesfólkvangs*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. samningi aðildarsveitarfélaga.
11. *Stjórn SSH*. Einn aðalmaður sem er bæjarstjóri og annar til vara úr hópi kjörinna aðalmanna í bæjarstjórn skv. samþykktum samtakanna frá 4. nóveber 2011.
12. *Stjórn SHS*. Einn aðalmaður sem er bæjarstjóri og annar til vara úr hópi kjörinna aðalmanna í bæjarstjórn skv. samþykktum byggðasamlagsins.
13. *Öldungaráð*. Sjö aðalmenn samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og sjá einnig 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Þrír fulltrúar skulu kosnir af sveitarstjórn og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara auk eins fulltrúa frá heilsugæslu.
14. *Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks*. Sex aðalmenn samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þrír fulltrúar skulu kosnir af sveitarstjórn og þrír tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu

GJALDSKRÁ
Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarra gjaldskyldra starfsemi.

Matvælaeftirlit

1. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt matvælalögum nr. 93/1995 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa og fer um innheimtu samkvæmt gjaldskrár þessari.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð og falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi samkvæmt matvælalögum sbr. lagabreytingu nr. 33/2018. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við viðauka með gjaldskrá þessari. Greiða skal fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

Hollustuhættir og mengunarvarnir

3. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

4. gr.

Tóbaksvarnir

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit hjá með vísun til 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum sem leyfi hafa til að selja tóbak í smásölu að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. gr. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

Um meðhöndlun úrgangs

Vegna eftirlits sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og eftirlits með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 9. og 10. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

| | |
|---|------------|
| Tímagjald | kr. 16.500 |
| Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldrá eðlisfræðilegra mælinga. | kr. 17.200 |

7. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi sbr. 1., 2., og 3. gr. gjaldskrár þessarar er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi eins og hér segir:

| | |
|--|------------------------|
| Endurútgáfa eða endurnýjun leyfis: | eitt og hálf tímagjald |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á | |
| Nýtt leyfi: | tvöfalt tímagjald |
| Auk eftirlitsgjalds og auglýsingakostnaðar ef við á | |
| Önnur leyfi: | |
| Leyfisgjald | tvöfalt tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |

8. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum skal greiða tvöfalt tímagjald.

9. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og/eða sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

10. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða. Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt. Útlagður kostnaður er þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðisnefnd, þar sem hún fer með eftirlit.

Útlagður kostnaður af framkvæmd, vegna vinnu eftirlits við framkvæmd og við innheimtu kostnaðar innheimtist hjá viðkomandi.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Aðildar sveitarfélögin annast innheimtu árlegra eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld s.s. fyrir leyfi, vottorð, matvælaeftirlit, tóbakseftirlit og aukin eftirlitsverkefni. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

12. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en annarra gjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu kostnaðar.

13. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

14. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar xxx.2018, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar .2018 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar .2018, með vísun til ákvæða 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 939/2016, fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Garðabæ xx. xxxx 2018

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri.

**Gjaldskrá
fyrir hundahald í Garðabæ,
Hafnarfirði og Kópavogi**

1. grein

Af hundum í Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr.154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

2. grein

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald: Eitt og hálf tímagjald heilbrigðiseftirlits.

Skráningargjald eftir útrunnin frest: tvö tímagjöld heilbrigðiseftirlits

Bráðabirgðaskráning til allt að þriggja mánaða; Hálf tímagjald heilbrigðiseftirlits.

3. grein

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur:

kr.12.800

4. grein

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Tvö tímagjöld heilbrigðiseftirlits

Afhending skráðs hunds ef eftirlitsgjald og vottorð eru

í skilum við handsömun. Eitt tímagjald heilbrigðiseftirlits

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

5. grein

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega eftirlitsgjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu þegar gengið hefur verið frá afskráningu.

6. grein

Hafi leyfishafi lokið námskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, er heilbrigðisnefnd heimilt, að fenginni umsókn, að lækka gjöld skv. 3. grein gjaldskrár þessarar um allt að helming, frá þeim tíma sem fullnægjandi gögn voru lögð fram, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Skilyrt er að gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari séu ekki í vanskilum.

7. grein

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður eða lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

8. grein

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn bæjarstjórn Garðabæjar xxxx 2018, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar xxxx.2018 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar xxxx.2018, staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úrgildi gjaldsskrá nr. 938/2016 um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Garðabæ xx. október 2018
f.h. heilbrigðisnefndar

Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri.